



Starfsgreinasambandið



**SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS**

Ársskýrsla LandsMenntar 2003

LandsMennt



Samantekt á starfsemi LandsMenntar, starfsmenntunar Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna á landsbyggðinni árið 2003.

Formáli

Óhætt er að fullyrða að starf Landsmenntar hafi vaxið jafnt og þétt og þegar upp er staðið þá hefur fjöldi verkefna innan fyrirtækja og stéttarféлага tvöfaldast og fjöldi einstaklingsstyrkja nær þrefaldast frá upphafi.

Um 80 verkefni voru styrkt og framkvæmd innan fyrirtækja og stéttarféлага á árinu 2003 en frá upphafi hefur sjóðurinn komið að fjármögnun 240 verkefna. Fyrirtæki á landsbyggðinni hafa verið ákaflega virk í því að nýta sér starfsmenntastyrki og í mörgum tilvikum hefur tilkoma Landsmenntar sett af stað markvissa fræðslu innan fyrirtækjanna.

Greiddir hafa verið styrkir til ca.4000 einstakl. frá byrjun starfseminnar og virðast konur á landsbyggðinni mun duglegri en karlar í að sækja nám eða styttri námskeið. Hlutfall kynjanna er 64% konur og 36% karlar ef heildarmyndin er tekin yfir starfið frá upphafi. Á árinu 2003 voru greiddir út styrkir til rúmlega 1600.

Einstaklingsstyrkirnir dreifast á þau 33 (e.sameiningu féлага) verkalýðsfélög sem aðild eiga að sjóðnum og sjá félögin alfarið um greiðslu styrkjanna en fá þá síðan endurgreidda frá Landsmennt. Stærstu félögin eins og t.d. Eining-Iðja, Vlf. Húsavíkur, AFL starfsgreinafélag Austurlands, Vlf. Akraness, Samstaða á Blönduósi, Bárán á Selfossi, Verkalýðsfélag Suðurlands, Aldan á Sauðárkróki og Vaka á Siglufirði eiga meirihlutann af úthlutun einstaklingsstyrkjanna en önnur smærri félög fylgja síðan fast á eftir.

Innan Landsmenntar er stór hópur erlendra starfsmanna og hefur sjóðurinn ásamt Starfsafli, starfsmennt Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins, lagt mikla áherslu á að koma til móts við þennan hóp. Búið er að þróa kennsluefni í starfstengdri íslensku og sú kennsluaðferð notuð í ríku mæli sérstaklega á landsbyggðinni. Þetta gerði það að verkum að framboð á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga jókst verulega og hefur aldrei verið meira en sl. tvö ár. Landsmennt hefur komið að fjármögnun þessara námskeiða að stórum hluta en þau hafa verið haldin í samstarfi við fjölda fyrirtækja á landsbyggðinni.

Þá tók Landsmennt þátt í viðhorfskönnun sem Starfsgreinasamband Íslands lét gera. Sjóðirnir Landsmennt og Starfsafli stóðu saman að nokkrum spurningum sem snéru að starfsmenntamálum. IMG Gallup framkvæmdi könnunina. Helstu niðurstöður voru þær að félagsmenn verkalýðsféлага voru í auknu mæli að sækja sér menntun á mörgum mismunandi sviðum og þeim fannst starfsmenntun skipta miklu máli í sambandi við sín kjör. Þá höfðu starfsmenntasjóðirnir orðið hvatning fyrir rúmlega 30% svarenda varðandi námskeiðssókn. Um 80% svarenda töldu menntun og aðra fræðslu skipta miklu máli varðandi kaup og kjör á íslenskum vinnumarkaði.

Á þeim þremur árum sem Landsmennt hefur starfað hefur þetta starfsmenntunar-og fræðsluátak verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins markað sér fastan sess í atvinnulífinu. Landsmennt skiptir máli í umræðunni um fullorðinsfræðslu og símenntun og tekur þátt í henni á breiðum vettvangi, fyrirtækjum og starfsfólki þeirra til hagsbóta.

LandsMennt:

Aðsetur Landsmenntar er að Sætúni 1, og hefur sjóðurinn skrifstofu við hlið Starfsafls, starfsmenntar Flóabandalagsins og SA. Í húsnaðinu að Sætúni eru einnig Starfsgreinasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands og Sjómannasamband Íslands sem hefur verið mjög til hagræðingar vegna samstarfs við viðkomandi aðila. Árið 2002 var gerður samningur um að að Landsmennt tæki að sér rekstur Sjómenntar sem er fræðslusjóður sjómanna, þannig að nú er komin þó nokkur reynsla á það starf sem gengið hefur að óskum.

Stjórn og starfsmaður:

Engin breyting hefur orðið á stjórn Landsmenntar frá upphafi starfseminnar en hún er skipuð sex fulltrúum sem eru eftirfarandi:

Frá Samtökum atvinnulífsins:

- Ágúst Elíasson, formaður, framkvæmdastjóri Samtaka fiskvinnslustöðva.
- Halldór Frímansson, lögfræðingur frá Vátryggingafélagi Íslands.
- Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar

Varamenn: Ragnar Árnason, starfsm. hjá Samtökum atvinnulífsins og Ingi Bogi Bogason, starfsm. hjá Samtökum iðnaðarins.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands:

- Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Vlf. Húsavíkur.
- Elínbjörg Magnúsdóttir, fyrrverandi varaformaður Vlf. Akraness (lét af varaformennsku í félaginu á árinu)
- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Vökuls, stéttarfélags.

Varamenn: Kristján Bragason, framkv.stj. Starfsgreinasambands Íslands (hætti störfum sem slíkur á árinu) og Hervar Gunnarsson formaður Vlf. Akraness (lét af formennsku í félaginu á árinu).

Verkefnastjóri Landsmenntar er Kristín Njálisdóttir. Verkefnisstjóri og stjórn héldu samtals 11 fund á árinu 2003 ásamt því að haldnir voru samráðsfundir með fulltrúum úr stjórn Starfsafls. Í júní héldu verkefnisstjóri Landsmenntar og fulltrúar SA úr stjórn fund með forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins þar sem gerð var grein fyrir starfsemi Landsmenntar fram að þeim tíma. Þá var einnig haldinn samskonar fundur á sama tíma með forsvarsmönnum SGS ásamt fulltrúum þess í stjórn Landsmenntar.

Um fjárhagsstöðu sjóðsins:

Á fundum með samningsaðilum voru lögð fram gögn um starfsemina ásamt 6 mánaða uppgjöri sem staðfesti áhyggjur af fjárhagsstöðu sjóðsins. Gögnin sýndu þá staðreynd að það fjármagn sem ætlað var til starfsins myndi klárast fyrir lok ársins ef ekki yrðu gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir þar um. Samningsaðilar komu sér saman um leiðir til fyrirbyggjandi aðgerða og sendu sameiginlegt bréf til félagsmálaráðherra til þess m.a. að sækja um aukafjárveitingu til starfseminnar. Þetta var gert í samráði við aðstandendur Starfsafls og Sjómenntar.

Samþykkt var aukafjárveiting til sjóðanna á Alþingi fyrir lok ársins 2003 samtals að upphæð 15.000.000.- og kom helmingur í hlut Landsmenntar. Þá samþykktu aðildarfélag Landsmenntar að greiða aukalega kr. 2.200.000.- til sjóðsins til þess að mæta nauðsynlegri fjárþörf sjóðsins þannig að hægt væri að halda úti starfsemi fram yfir á árið 2004 eða þar til nýir kjarasamningar samningsaðila yrðu undirritaðir.

Helstu verkefni:

Verkefnum sjóðsins er skipt niður í styrki til fyrirtækja og stéttarfélaganna ásamt þróunarverkefnum og síðan styrkir til einstaklinga.

Eins og kom fram í formála þá hefur Landsmennt komið að fjölmörgum verkefnum á árinu 2003 sem hafa verið mjög fjölbreytt. Helstu tegundir verkefna eru eftirfarandi:

- Starfstengt nám í matvælaíðnaði
- Gæðastjórnun í framleiðslufyrirtækjum
- Starfstengt íslenska fyrir útlendinga
- Þjónustunámskeið
- Samskiptanámskeið/bætt líðan á vinnustað
- Öryggis-og skyndihjálparnámskeið
- Starfstengt námskeið í iðnaði
- Lengra starfsnám (t.d. jarðlagntækni og fjölvirkjanám)
- Samstarf um fyrirtækja”skóla” (t.d. ÚA/Brim Lífsins skóli og Eskjuskólinn)

Til þess að gefa aðeins skýrari mynd af eðli verkefna ársins 2003 eru þau flokkuð á eftirfarandi hátt:


- **Kynningar-og hvatningarstarf.** Eins og fyrri ár þá kom Landsmennt að Viku símenntunar með því að taka þátt í fyrirtækjaheimsóknum á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Á árinu var haldin sérstök hvatningarsmiðja fyrir fyrirtæki á Vesturlandi en svipað verkefni var unnið með þátttöku stéttarfélaganna árið 2002.
- **Þróunarverkefni.** Sjóðurinn tók þátt í áframhaldandi fjármögnun á Menntasmiðjum á Austurlandi. Einnig kom verkefnisstjóri að vinnu við undirbúning fyrir fjölvirkjanám í Eyjafirði og sjóðurinn fjármagnaði síðan að hluta til námið. Á Norðurlandi Vestra var unnið að þróunarverkefninu “Sarpurinn” og tók Landsmennt bæði þátt í að fjármagna námsefnisgerð ásamt því að taka þátt í námskeiðskostnaði. Þá tók sjóðurinn þátt í fjármögnun á námsefnisgerð hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Öll verkefni ná yfir árin 2002 og 2003.
- **Þarfagreiningar.** Landsmennt tók þátt í fjármögnun MARKVISS-þarfagreiningum í fjórum fyrirtækjum en slík greiningarvinna er unnin af starfsmönnum hinna ýmsu símenntunarmiðstöðva. Þá tók Landsmennt þátt í því að fjármagna að hluta til þarfagreiningarvinnu hjá Eskju hf. sem unnin var af IMG. Mikilvægi þarfagreininga vegna fræðslu er óumdeilt og hefur ávalt verið lögð mikil áhersla á þessa vinnu þegar verkefnisstjóri hefur heimsótt fyrirtæki í þeim tilgangi að koma af stað markvissri fræðslu innan fyrirtækja.

Eins og fram kom í formála þá hefur verið lögð töluverð áhersla á það að koma af stað markvissu námskeiðahaldi í íslensku fyrir útlendinga. Þessi vinna hófst um leið og sjóðurinn tók til starfa og hefur verið haft samstarf um verkefnið með Starfsafli. Óhætt er að segja að mikil þörf hafi verið á þessu átaki sérstaklega á landsbyggðinni og er óhikað hægt að segja að þar hafi verið lyft grettistaki í þessum efnunum.

Að öðru leiti fylgir hér yfirlit (sjá töflu aftast í skýrslu) yfir þau verkefni sem Landsmennt kom að á árinu 2003. Stjórn sjóðsins bærust erindi vegna 128 verkefna á árinu en yfirlitið sýnir 80 verkefni sem eru þau verkefni sem hægt var að afgreiða vegna fjárhagsstöðu sjóðsins. Lokað var fyrir afgreiðslu á verkefnum um mánaðarmótin október/nóvember og því afgreiðslu 48 verkefna frestað. Uppgjör vegna verkefna innan fyrirtækja og stéttarfélaganna eru skv. ársreikningi kr. 24.244.422.- Í þessari tölu er um að ræða bæði óuppgerð verkefni frá árinu 2002 ásamt þeim

verkefnum sem komu til uppgjors á árinu 2003. Ekki er því rétt að skoða töluna í samhengi við þann verkefnafjölda sem kom fyrir stjórn Landsmenntar á árinu. Til að glöggva sig á þróun starfseminnar hvað varðar fjölda verkefna innan fyrirtækja og stéttarféлага þá fylgir hér tafla með súluriti. Hér sést mjög skýrt hvernig þróunin hefur verið frá upphafi en eins og greint er frá í formála þá hefur verkefnafjöldinn nær þrefaldast frá því starfsemin hófst í september árið 2000.


Þróun á úthlutun fyrirtækjastyrkja á milli ára



Einstaklingsstyrkir:


Greiddir hafa verið styrkir til ca. 1600 manns á árinu af Landsmennt en sjóðurinn gerði samkomulag við félögin í lok ársins um frestun á endurgreiðslu einstaklingsstyrkja eftir 1. nóvember 2003. En greiddir styrkir skv. ársreikningi árið 2003 eru kr. 28.984.305.- eða að meðaltali kr. 18.000.- per. einstakling. Stéttarfélögin lögðu út fyrir styrkjum til handa ca. 500 manns til viðbótar en Landsmennt endurgreiddi ekki vegna þeirra fyrr en í byrjun árs 2004. Kynjaskiptingin hefur aðeins breyst á milli ára en þó halda konur meirihlutanum árið 2003 og virðast mun virkari en karlar í þátttöku á námskeiðum (sjá mynd)

Einstaklingsstyrkir: Kynjaskipting




Þróun á fjölda úthlutaðra einstaklingsstyrkja hefur verið nokkuð jöfn á milli ára en ótrúlega hröð og hefur fjöldi styrkja þrefaldast frá upphafi.


Próun á úthlutun einstaklingsstyrkja á milli ára



Þá er athyglisvert að skoða aldursdreifingu úthlutaðra styrkja og er hér mynd sem sýnir aldursdreifingu á úthlutaðum styrkjum frá upphafi.



Að síðustu birtist hér mynd sem sýnir flokkun námskeiða og dreifingu einstaklingsstyrkja á tegundir námskeiða.



Kynningar og hvatningarstarf:

Kynningar-og hvatningarstarf verkefnisstjóra sjóðsins var á árinu 2003 stór hluti af starfinu eins og verið hefur undanfarin ár. Að vísu dró úr auglýsingastarfsemi seinni hluta ársins vegna fjárhagsstöðu sjóðsins og þá var einnig farið í mun færri vinnustaðaheimsóknir. Á fyrri hluta ársins voru hins vegar farnar nokkrar ferðir út á landsbyggðina og fyrirtæki heimsótt m.a. á Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Í viku símenntunar tók verkefnisstjóri þátt í uppákomum í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi ásamt stuttri heimsókn í Eyjafjörðinn.

Haldinn var sérstakur hvatningarfundur á Vesturlandi eða málstofa fyrir fyrirtæki. Markmið málstofunnar var m.a. að kynna verkefni sem unnin hafa verið í samstarfi fyrirtækja á landsbyggðinni og Landsmenntar auk þess að kynna möguleika og leiðir fyrirtækja til að efla starfsmenn sína og fyrirtæki sitt með því að sækja um fjármagn til starfsmenntunar hjá Landsmennt. Ágæt þátttaka náðist á málstofuna en þar var um að ræða dagskrá yfir heilan dag. Málstofan var haldin á Hótelu Borgarness og hafði verið fengin aðstoð frá Vilborgu Einarsdóttur ráðgjafa til þess að skipuleggja vinnuna. Málstofan tókst mjög vel og reyndist góð leið til þess að ná til forsvarsmanna fyrirtækja.

Þá hefur eins og áður verið mikið og gott samstarf við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og hafa fjölmörg þeirra verkefna sem sjóðurinn kom að á sl. ári verið skipulögð í samstarfi við miðstöðvarnar.

Að lokum:

Þrátt fyrir vissa erfiðleika sem sköpuðust vegna fjárskorts þá er óhætt að fullyrða að starfsemi Landsmenntar hafi gengið að óskum. Engum hafði í raun dottið í hug að það fjármagn sem ætlað var til starfseminnar í þrjú ár til tilraunar myndi ekki endast. Mikill kraftur einkenndi starfsemina frá upphafi og voru það stéttarfélögin sem ruddu brautina og fengu fyrirtækin eitt af öðru til liðs við sig. Fyrirtækin tóku síðan verulega við sér þegar nokkuð var liðið á árið 2002 og 2003 varð í raun sprenging í þátttöku fyrirtækjanna í námskeiðahaldi fyrir sitt starfsfólk. Einstaklingarnir sjálfir, félagsmenn stéttarfélaganna hafa verið ötulir við að sækja sér fræðslu en þar skiptir tilkoma símenntunarmiðstöðvanna miklu máli hvað varðar framboð.

Sýnt er með starfsemi Landsmenntar að þegar allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta koma á samstarfi sem þessu þá er margt og mikið hægt að framkvæma. Óhætt er að segja að Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni sé komin til að vera og muni halda áfram að efla og styrkja fullorðinsfræðslu, starfsnám og hverskonar símenntun fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra til hagsbóta.

Reykjavík, 14. maí 2004.
Kristín Njálsdóttir
Verkefnisstjóri.